



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2023
Garðyrkjuskólinn Reykjum

LAVE2FV03
Landbætur og verndun 2023

Kennari:	Steinunn Garðarsdóttir (StG) steinunn.gardarsdottir@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Í áfanganum eru kynnt lög og reglugerðir um náttúruvernd, skógrækt og landgræðslu. Jafnframt eru kynntar þær alþjóðasamþykktir sem Ísland er aðili að og snerta náttúruvernd. Skipulagslög eru kynnt. Skoðuð eru ferli og forsendur umhverfismats. Kynnt eru helstu úrræði og verkefni við uppgræðslu og landgræðsluskógrækt, og aðgerðasvæði skoðuð. Jafnframt fá nemendur þjálfun í að meta ástand lands út frá beitarálagi og jarðvegsrofi.

Undanfari: VIST1IN03 (Vistfræði – inngangur), JARÆ2FV05 (Jarðvegur og ræktun)

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Hvaða lög og reglugerðir fjalla um náttúruvernd, skógrækt og landgræðslu.
- Hvaða alþjóðasamþykktum Ísland er aðili að og snerta náttúruvernd.
- Gerð og forsendum umhverfismats.
- Þörfinni á landbótum og verkefnum uppgræðslu og landgræðsluskógræktar.
- Þörfinni á verndun lands og þeim lögum sem tengjast því.
- Ástandsmati lands út frá beitarálagi og jarðvegsrofi

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Leita sér upplýsinga í lögum, reglugerðum og alþjóðasamþykktum sem tengjast verndun og landbótum.
- Skoða umhverfismat í samhengi við forsendur þess.
- Lesa landið út frá ástandi gróðurs.
- Lýsa úrræðum í uppgræðslu og landgræðsluskógrækt.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Lýsa tilgangi og forsendum fyrir verndun lands og landbótum á Íslandi sem metið er með rökstuðningi og skriflegu prófi.
- Lýsa helstu verkefnum sem tengjast uppgræðslu lands og landgræðsluskógrækt sem metið er með kynningu, rökstuðningi og skriflegu prófi.
- Greina ástand gróðurs út frá beitarálagi og rofi sem metið er með frammistöðu í verklegum æfingum og rökstuðningi.
- Greina leiðir til að laga illa farið land sem metið er með rökstuðningi

Námsefni:

- Kennslubókin: Að lesa og lækna landið eftir Ásu Aradóttur og Ólaf Arnalds.
Rit: Sauðfjárhagar. Leiðbeiningar við mat á ástandi beitarlanda
Rit: Hrossahagar. Aðferð til að meta ástand lands.
Öll þessi rit eru opin á netinu.
- Annað efni frá kennara s.s.
 - o Lög um náttúruvernd, landgræðslu og skóga og skógrækt og nokkrir alþjóðlegir samningar skv. kennsluefni. Hægt að nálgast hér: <https://www.ust.is/umhverfisstofnun/log-og-reglur/>
 - o Land og líf áætlanir: <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2023/01/30/Land-og-lif/>
 - o Vefur Náttúrfræðistofunar Íslands (vistgerðarflokkun o.fl.): www.ni.is
- Ítarefni:
Rit LbhÍ um ástand lands og landnýtingu:
 - o www.lbhi.is/images/pdf/utgefid%20efni/fjolrit%20rannsoknastofnunar%20lan dbunadarins/rit_lbhi_nr_130_0.pdf
 - o www.moldin.net/uploads/3/9/3/3/39332633/rit_lbh%C3%8D_nr_118.pdf

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verklegt /vettvangsferðir	2 skýrslur úr vettvangsferðum, (gildir 10% hver)	20%
Verkefni / ritgerð	Verkefni um landgræðsluskógrækt	40%
Heimapróf	Stutt heimapróf	10%
Lokapróf	Lokapróf með helstu áhersluatriðum úr áfanganum	30%
Samtals		100%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil- sjá næstu síðu.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykjum, september 2023, Steinunn Garðarsdóttir

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Kennslu- vika	Dags.	Tími	Efni
35	1	30.8.	miðvikudagur	Lotuvika. Inngangur og stutt vettvangsferð: Reykjadalur
36	2	8.9.	föstudagur	Lagarammar: náttúruverndarlög og lög um skógrækt. Alþjóðlegar skuldbindingar.
37	3	12.9		Að lesa og lækna landið 2. Kafli. Þekking áherslur og framtíðarsýn. Líf og land: Áætlanir í landgræðslu og skógrækt.
38	4	19.9.		Að lesa og lækna 3. kafli. Þanþol og vistkerfi á Íslandi. Vistgerðaflokkun NÍ
39	5	26.9.	Þriðjudagur 9-12	Lotuvika. Vettvangsferð með skógvistfræði. Mæting á Reyki, farið í Þorláksskóga.
40	6	3.10		Að lesa og lækna landið 4 og 5 kafli. Ástand, hnignun og hrun vistkerfa.
41	7	10.10		Gestafyrirlesari: Ellert Arnar Marísson. Landgræðsluskógrækt
42	8	17.10		Að lesa og lækna landið 7 og 8 kafli
43	9	24.10.	Stutt heimapróf	Samantekt um landlæsi og landgræðslu Að lesa og lækna landið.
44	10	1.11.	Miðvikudagur 12:45-15:45	Lotuvika. Gunnarsholt & kynning á GróLind: Gestafyrirlesari: Rán Finnsdóttir
45	11	7.11.		Álitamál landnýtingar
46	12	14.11		Mat á umhverfisáhrifum ferli og forsendur
47	13	21.11		Upprifjun og samantekt
48	14	<i>Engin kennsla þessa viku</i> <i>Skil á verkefni um landgræðsluskógrækt</i>		
49	15	<i>Engin kennsla þessa viku</i>		
50	16	15.12		LOKAPRÓF